



FORELDRAFÉLAG VATNSENDASKÓLA

FRÉTTABRÉF 1.TBL 2020

FACEBOOK SÍÐAN

Fésbókarsíða foreldrafélagsins er lifandi vettvangur fyrir umræðu um málefni Vatnsendaskóla. Þar verða kynntir þeir viðburðir sem eru á döfinni í foreldrastarfinu svo sem fyrirlestrar, fundir, bingó og hjóladagur svo eitthvað sé nefnt. Vertu með og settu „like“ á síðuna [Foreldrafélag_Vatnsendaskóla](#).

ÁRGJALD

Árgjald foreldrafélagsins er óbreytt og hefur verið sent út sem valgreiðslukröfur í heimabönkum. Einungis er eitt gjald á hverja fjölskyldu. Mikilvægt er að allir greiði til þess að foreldrafélagið geti haldið úti starfsemi sinni.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Skýrsla stjórnar fyrir síðasta skólaár er aðgengileg á vef skólans og einnig upplýsingar um stjórn og skólaráð.

KÆRU FORELDRAR

Óhætt að segja að við séum að upplifa öðruvísi tíma og foreldrastarf er þar engin undantekning. Sóttvarnir og reglur þeim tengdar setja daglegu lífi ýmsar skorður og erfitt er að skipuleggja viðburði og foreldrastarf þegar foreldrar mega ekki koma inn í skólann. Við í stjórn foreldrafélaginu teljum hins vegar mikilvægt að halda foreldrastarfi gangandi þó í breyttri mynd sé.

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra og er ætlað að vinna að velferð nemenda og tryggja gott samstarf heimila og skóla. Á tímum snjallvæðingar eru margar leiðir færar og mikilvægt að hugsa í lausnum. Viðburðir foreldrafélagsins verða því með breyttu sniði til að byrja með en um leið og þessu ástandi mun linna verða viðburðir félagsins kynntir nánar. Nánari upplýsingar um félagið má sjá á heimasíðu skólans.

BEKKJARFULLTRÚAR

Fésbókarsíða Bekkjarfulltrúar Vatnsendaskóla er samráðsvettvangur allra bekkjarfulltrúa skólans. Í þessu ástandi teljum við ekki síður mikilvægt fyrir bekkjarfulltrúa að viðhalda tengslum við foreldrahópinn, stilla saman strengi og gera með sér foreldrasáttmála.

Hvað bekkjarviðburði ræðir er hægt að stofna til rafrænna viðburða svo sem að halda bingókvöld á zoom, spilakvöld eða spurningakeppnir. Eins má nefna að *“Heimili og skóli”* er með skemmtilegar hugmyndir fyrir Hrekkjavöku á farsóttartímum. Mikilvægt er að hugsa í lausnum á krefjandi tímum og huga að velferð barna og unglunga.

FORELDRARÖLT

Foreldrarölt er farið af stað þetta skólaár en röltplan vetrarnins má finna á heimasíðu skólans undir *“Foreldrar”*. Röltstjóri er Tómas Albert Holton sem hefur samband við árganga þegar röðin kemur að þeim að rölta.

*Bestu kveðjur með ósk um gott samstarf,
Stjórn foreldrafélags Vatnsendaskóla 2020-2021*